

Skoðun/úttekt á neysluveitum í rekstri

1. Tilgangur

Að tryggja að við skoðun á neysluveitum í rekstri sé tekið tillit til þeirra reglna sem í gildi voru við setningu virkisins, þó án þess að líta fram hjá mikilvægum öryggisatriðum.

2. Ábyrgð

Skoðunarmaður skoðunarstofu eða löggiltur rafverktaki ber ábyrgð á að ákvæðum verklagsreglunnar sé fylgt.

3. Framkvæmd

Neysluveitur í rekstri skal skoða á sama hátt og nýjar í samræmi við reglur um skoðun neysluveitna, með frávikum þó – í ákveðnum tilvikum skal taka tillit til þeirra reglna sem í gildi voru við gerð eða breytingu á neysluveitunni. Við stærri breytingar á neysluveitum í rekstri skal fara að gildandi reglum og þær breytingar því skoðaðar sem um nýja neysluveitu væri að ræða.

Helstu frávik sem hafa ber í huga við skoðun neysluveitna í rekstri:

Bilunarstraumsrofvörn sem viðbótarvörn í íbúðum, skólum, dagheimilum, hótelum, gististöðum og opinberum byggingum.	Ekki er í eldri reglum fortakslaust krafist bilunarstraumsrofvagnar á þessum stöðum. Athygli er þó vakin á að sérstakar aðstæður gátu skv. eldri reglum kallað á bilunarstraumsrofvörn, t.d. ef tengill var á baðherbergi.	§ 11.2
Gerð bilunarstraumsrofa skal hæfa þeim bilunarstraumi sem vænta má á viðkomandi stað. Bilunarstraumsrofa af gerð AC skal ekki nota fyrir almennar ljósa- og tenglagreinar.	Hafi álagi í eldri neysluveitu verið verulega breytt, t.d. með uppsetningu á LED-lýsingu, skal bilunarstraumsrofi hæfa þeirri notkun.	§ 11.2 § 531.3.3
Litamerkingar tauga skulu vera í samræmi við staðalinn ÍST EN 60445. Núlltaug (N) skal hafa ljósbláa einangrun, varnartaug (PE) gul/græna einangrun og varnarnúlltaug (PEN) gul/græna einangrun með ljósbláum merkjum á endum þar sem hún er tengd.	Sé um að ræða viðbót við raflögn þar sem litamerking er skv. eldri reglum skal geta þess með greinilegri áletrun í hlutaðeigandi töflu að litamerkingar séu mismunandi í eldri og nýrri hluta raflagnarinnar.	§ 11.2 § 514.3
Gildleiki tauga miðast við álag, lagnarmáta, umhverfisskilyrði o.fl. Almennnt má ekki verja 1,5q strengi eða ídráttartaugar með 16A vari.	Séu 1,5q strengir eða ídráttartaugar varðar með 16A vari í samræmi við eldri reglur má í íbúðarhúsnæði og sambærilegu húsnæði aðeins vera einn 16A tengill á grein. Ath. að ljósagreinar mátti skv. eldri reglum ekki verja með stærra vari en 10A.	§ 52

Tenglar í íbúðum, skólum, dagheimilum, hótélum og gististöðum skulu búnir fiktivörn (öryggislokum).	Þessi krafa er ekki í eldri reglum (fyrir 2007), en gildir um breytingar og viðbætur sem gerðar hafa verið frá árinu 2010.	§ 11.2
Tenglar í íbúðum, skólum, dagheimilum, hótélum, gististöðum og opinberum byggingum skulu búnir varnarsnertu sem tengist varnarleiðara neysluveitunnar	Tenglar í íbúðarherbergjum og stofum þurfa ekki að vera jarðtengdir skv. eldri reglum. Ef tengill með varnarsnertu er í rýminu, skulu allir tenglar vera með varnarsnertum. Tenglar mega ekki vera með ótengda varnarsnertu.	§ 11.2 § 531.3.5.1
Ef töfluspjald er úr tré á að meta hvort skipta skuli um töfluna	Ekki er farið fram á töfluskipti ef töfluspjald er vel með farið og með góðum varbúnaði (engin hitamyndun). Farið er fram á töfluskipti ef töfluspjald er farið að láta á sjá, ekki hægt að losa eða festa það með góðu móti, varbúnaður úr sér genginn eða hann er af NDZ-gerð, ef álag hefur aukist, gera þarf umtalsverðar breytingar á töflunni, eða setja þarf á hana viðbótarbúnað, s.s. aðalvör, kvíslvör, lekastraumsrofa eða greinivör. Krafist er lekastraumsrofa ef húsið er úr timbri, eða ef tengill er í baðherbergi sbr. byggingareglugerð.	
Ef ný tafla er sett yfir innfelldan kassa, skal innri kassinn vera aðgengilegur og þess gætt að báðir kassarnir séu spennujafnaðir, séu þeir úr leiðandi efni		
Endurnýja skal ídráttartaugar sem einangraðar eru með gúmmíi og/eða hafa „tjörueinangrun“		
Utanálíggjandi pípulagnir (fittingslagnir).	Pípulagnir af þessari gerð skulu eingöngu vera á þurrum stöðum og vera einangraðar frá jarðtengdum lögnum og öðrum jarðtengdum hlutum.	

4. Tilvísanir

- § 11.2 í reglugerð um raforkuvirki
- § 514.3 í ÍST HD 60364
- § 52 í ÍST HD 60364
- § 531.3.3 í ÍST HD 60364
- § 531.3.5.1 í ÍST HD 60364